

Hjörleifur Guttormsson
Vatnsstíg 21 (1101)
101 Reykjavík
Netfang: hjorleifur@eldhorn.is

17. nóvember 2014

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík.

Umsögn um tillögu til þingsályktunar um stofnun Hofsjökulspjóðgarðs, 26. mál á 144. lþ.

Ég þakka umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis fyrir að gefa mér kost á að veita umsögn um ofangreinda tillögu um Hofsjökulspjóðgarð.

Mér er málið kunnugt frá fyrri stigum eins og fram kemur í greinargerð með tillögunni. Á árunum 1998 og 1999 fjallaði umhverfisnefnd Alþingis um tillögu mína um stofnun fjögurra spjóðgarða á miðhálandinu, þeirra á meðal var Hofsjökulspjóðgarður. Tillagan fékk almennt góðar undirtektir eins og fram kom í umsögnum sem að hluta til eru birtar í þingskjali 16 á 123. löggjafarþingi.

Ég hef kynnt mér fyrirbyggjandi tillögu og mæli eindregið með samþykkt hennar.

Í umsögn um hliðstætt mál á 140. löggjafarþingi benti ég á, að þá voru ekki útkljáð mál á dómstigi varðandi Hofsafrétt austurhluta [nr.199/2011], Hofsafrétt vesturhluta [350/2011] og Eyvindarstaðaheiði og Hraun [546/2012]. Niðurstaða er nú fengin fyrir Hæstarétti í öllum þessum málum og staðfesti rétturinn í öllum tilvikum niðurstöður Héraðsdóms, sem fallist hafði á úrskurði Óbyggðanefndar. Málið liggur þannig eignarréttarlega hreint fyrir, sem ætti að styðja við jákvæða afgreiðslu tillögunnar af hálfu nefndarinnar og auðvelda ráðherra, í samvinnu við skipulagsyfirvöld og rétthafa, að undirbúa stofnun Hofsjökulspjóðgarðs

Virðingarfyllst

Hjörleifur Guttormsson
náttúrufræðingur

PS: Á yfirliti frá nefndasviði um þá sem fengu tillöguna til umsagnar, sé ég ekki getið um aðliggjandi sveitarfélög. Væntanlega hefur verið leitað til þeirra sér á parti. - HG